

1511182

Rósa Sif Jónsdóttir

Frá: Ásta Stefánsdóttir **Sent:** 25.11.2015 13:57:59
Til: Signý Harpa Hjartardóttir
CC:
BCC:
Efni: FW: Húsaleigustyrkur....
Viðhengi:
Málsnúmer: 1511182

From: Aldís Sigfúsdóttir [mailto:aldiss@isl.is]
Sent: 25. nóvember 2015 13:57
To: Ásta Stefánsdóttir
Cc: 'Gunnar Finnlaugsson'; 'Magnús Matthíasson'; jonas@hotelfoss.is
Subject: Húsaleigustyrkur....

Sæl,

Þar sem Fischersetrið skuldar talsvert í húsaleigu þá vill Fischersetur með þessu bréfi óska formlega eftir húsaleigustyrk fyrir s.l. ár eða fyrir alls fjóra mánuði eða alls kr. 4 x 115.000 kr = 460.000 kr.

Á þessu ári hefur orðið töluverð fjölgun ferðamanna í Setrið og komu að meðal tali um 10 manns á dag. Eins og áður eru gestirnar aðallega erlendir eða yfir 95% þeirra og koma þeir frá öllum heimsálfum. Einstaka einstaklingar komu gagnert í Setrið og að leiði Bobby Fischers. Í s.l. viku komu um 100 skákmenn í heimsókn í Setrið en þeir voru að tefla á EM landsliða í Reykjavík. Þeir stoppuðu rúma klukkustund í Setrinu og flutti Guðmundur G. Þórarinsson fyrirlestra um skákeinvígi allra tíma eða einvígið 1972 í Reykjavík.

Þá má geta þess að Landsmótið í skólaskák var haldið í Setrinu s.l. vor og Helgi Ólafsson var með skákkennslu grunnskólabarna í Setrinu fyrri hluta ársins og er hugmyndin að svo verði aftur eftir áramót.

P.S. Afrit sent á aðra meðlimi framkvæmdastjórnar og Gunnar Finnlaugsson, stjórnarmann Fischerseturs.

Kveðja,

Aldís Sigfúsdóttir f.h. Fischerseturs á Selfossi

Sími: 894-1275